

Haustið 1676 var haldið merkilegt dómþing á Kaldrananesi. Þar var Jón Pálsson lagður á grúfu og hýddur „*sem næst gekk lífi*“ ef sýslumaður hefur fylgt út í æsar úrskurði lögréttu frá því um sumarið. Húðlát með hrísvendi var ekki mikil nýjung á þessum tíma en hitt hefur vafalaust verið meira sjónarspil að meðfram voru brennd upp í nasirnar á Jóni níu galdrablöð í þeirri trú að mengunin myndi lækna hann af öllum galdrapönkum um ókomna framtíð.

Allar upplýsingar um þetta mál er að finna í Alþingisbókinni frá 1676 og þar segir að Magnús Jónsson sýslumaður Strandamanna hafi lagt dóm um mál Jóns Pálssonar fram til staðfestingar og til að fá ákvarðaða refsingu. Í dómnum segir að sýslumaður hafi sjálfur fundið níu pappirsblöð í hirslu Jóns en ekki er nefnt hvernig á þeim fundi stóð. Jón hafði viðurkennt fyrir yfirvaldinu að hafa skrifað blöðin sem á voru:

margslags óvenjulegir characteribus með tveimur tóustefnum og ... vanbrúkun guðs heilaga nafns.

Það hefur sennilega bjargað Jóni að á Kaldrananesi höfðu sveitungar sakborningsins borið honum „*meinlausa kynningu*“ og talið var fullvíst að hann hefði ekki brúkað fjölkynngina til meins. Jón nýtur þess sem sagt við ákvörðun refsingar að hann var vel liðinn í Kaldraneshreppi. Samkvæmt öðrum málum má ætla að niðurstaðan hefði verið önnur ef maðurinn hefði verið illa liðinn og sérstaklega ef hann hefði verið aðkomumaður.

Síðari hluti refsingarinnar er óneitanlega kímilegur í okkar augum þótt reykeitrún sé ekkert grín. Eitt fordæmi er þó þekkt fyrir henni í galdramálum 17. aldar.

Árið 1639, þegar fyrst fór verulega að brydda á galdramálum var Oddur Jónsson úr Árnassýslu (kallaður Sanda-Oddur) dæmdur til hýðingar fyrir stafamyndir og „*þau blöð brennd fyrir vitum hans*.“ S

kýrt er tekið fram að Oddur hafi ekki kveinkað sér við hýðinguna en þegar reykin af blöðunum lagði fyrir vit hans á hann að hafa sagt:

Það veit Kreistur minn, ég þoli það ekki.

Oddur var ekki vel látinn maður og hafði áður staðið í ýmsum illdeilum sem komu fyrir alþingi.